Ungmennaráð Borgarbyggðar

Erindisbréf

Ungmennaráð Borgarbyggðar er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 14 til 25 ára í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar. Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því að stofnanir Borgarbyggðar vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi.

Markmið og hlutverk
Helstu markmið og hlutverk Ungmennaráðs eru:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi Borgarbyggðar,
- að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega,
- að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi Borgarbyggðar,
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva Borgarbyggðar,
- að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda grunnskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
- að efla tengsl nemenda Menntaskóla Borgarfjarðar og bæjaryfirvalda með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda Menntaskólans um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks.

Starfshættir
Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.
Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu, sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

Um skipan Ungmennaráðs
Sveitarstjórn óskar eftir að eftirfarandi stofnanir tilnefni árlega samtals fimm fulltrúa í Ungmennaráðið og fimm til vara. Tilnefndir eru:

- Einn fulltrúi og einn til vara úr nemendafélagi Grunnskólans í Borgarnesi
- Einn fulltrúi og einn til vara úr nemendafélagi Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar
- Einn fulltrúi og einn til vara úr nemendafélagi Kleppjárnsreykjadeildar Grunnskóla Borgarfjarðar
- Einn fulltrúi og einn til var úr nemendafélagi Laugagerðisskóla sem búsettir eru í Borgarbyggð
- Einn fulltrúi og einn til vara úr nemendafélagi Menntaskóla Borgarfjarðar

Tilnefningin á að eiga sér stað fyrir 20. september ár hvert og er kosið til tveggja ára í senn. Starfstími Ungmennaráðs skal vera frá 20. september til 10. júní, ár hvert. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í Borgarbyggð og eru á aldrinum 14-25 ára. Með ráðinu starfar tómstundafulltrúi og er hann tengiliður sveitarfélagsins við ráðið.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann. Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp.

Ungmennaráð stefnir að því að lágmarki fjórum sinnum á ári. Í apríl ár hvert fundar sveitarstjórn Borgarbyggðar með ungmennaráði. Dagskrá fundarins skal undirbúin í samráði við sveitarstjóra.

Tómstundafulltrúi er starfsmaður ráðsins. Starfsmaður situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð óska eftir og leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra.

Um fundarsköp ungmennaráðs
Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og fundarsköp sveitarstjórnar. Um ritun fundargerða ungmennaráðs gilda sömu reglur og um ritun fundagerða sveitarstjórnar.
Greiddur er ferðakostnaður fyrir fulltrúa til að sækja fundi ráðsins.

Erindisbréf þetta er endurskoðun á erindisbréfi sem staðfest var á fundi sveitarstjórnar 13. mars 2008 og tók gildi sama dag. Breytingar á því voru staðfestar af sveitarstjórn 16. febrúar 2012.

Tekið fyrir í Byggðarráði Borgarbyggðar 20. apríl 2016

Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 12. maí 2016